

Vinnuferli

Í Tröllaborgum er lögð áhersla á gott foreldrasamstarf og að foreldrar komi að ferlinu frá upphafi. Ef foreldrar eða kennarar hafa áhyggjur af þroskaferli barnsins fer ákveðið ferli af stað.

Fyrsta skrefið er ávallt að tala við foreldra/forráðamenn barnsins. Skoða hvernig gengur heima og í leikskólanum og ræða leiðir til úrbóta. Gagnkvæm virðing er höfð að leiðarljósi þar sem opin samskipti eru mikilvæg.

Gagnasöfnun

Gagnasöfnun eru skráningar, myndbandsupptökur, greinargerðir og útfylling lista ef þörf er á. Fundið er út hvað er best fyrir barnið í samvinnu við foreldra. Unnið er úr upplýsingum frá foreldrum samhliða upplýsingum sem koma fram frá leikskóla. Unnið er með barnið í 3-6 mánuði á markvissan hátt heima og í leikskóla.

Einstaklingsnámskrá

Þegar gagnasöfnun hefur farið fram er útbúin einstaklingsnámskrá. Kennarar og foreldrar ræða saman um þá þætti sem þeir telja mikilvægt að barnið nái tökum á og sett eru markmið til lengri eða skemmri tíma. Árangur er metinn eftir ákveðinn tíma og þá skoðað hvort leita þurfi eftir sérfræðipjónustu frá fræðsluviði.

Tilvísun til sérfræðipjónustu

Á fræðsluviði starfa sérkennsluráðgjafi og sálfræðingur sem þjónusta leikskóla Akureyrarbæjar. Ef leita þarf aðstoðar varðandi barnið sendir sérkennslustjóri tilvísun varðandi barnið til fræðsluviðs. Í þeirri tilvísun kemur fram hvernig unnið hefur verið með barnið í leikskólanum/heima. Öll gagnasöfnun fer með slíkri tilvísun. Allt er þetta gert í samráði við foreldra. Sérkennsluráðgjafi og/eða sálfræðingur meta hvernig áframhaldandi mat fer fram í samráði við sérkennslustjóra og foreldra. Um þroskamát eða önnur greiningarúrræði er að ræða.

Fundur með sérkennsluráðgjafa, sérkennslustjóra, foreldrum og kennurum

Sérkennsluráðgjafi/sálfræðingur fer yfir gögn og kynnir niðurstöður. Áframhaldandi vinna er ákveðin. Sérkennsluráðgjafi/sálfræðingur sér um að senda barnið í frekari greiningu ef þörf er á.

Teymisvinna/teymisfundir

Sérkennsluráðgjafi/sálfræðingur hittir sérkennslustjóra, kennara og foreldra reglulega á fundum á 8 - 12 vikna fresti. Þar er farið yfir hvernig gengur heima og í leikskólanum. Ákveðið er með áframhaldandi vinnu þar sem einstaklingsnámskrá er höfð til hliðsjónar.

Matstæki/Listar

Matstæki	Aldur	Áherslupættir	Hver leggur fyrir	Lagt fyrir
Íslenski þroskalistinn	3ja-6 ára	Gróf-/fínhreyfingar, tal, hlustun, sjálfsbjörg, nám	Sérkennslustjóri Kennari	Eftir þörfum
AAL listinn	1-6 ára	Hegðun og atferli	Sérkennslustjóri Kennari	Eftir þörfum
Kuno Beller	1-6 ára	Almennur þroski	Sérkennslustjóri Kennari	Eftir þörfum
Smábarna-listinn	15-38 mánaða	Mál- og hreyfiproski	Sérkennslustjóri Kennari	Eftir þörfum
Aseba listarnir	1½-5 ára	Hegðun og atferli	Sérkennslustjóri Kennari	Eftir þörfum
Orðaskil	18-36 mánaða	Málþroski	Sérkennslustjóri Kennari	Eftir þörfum
Hljóm-2	5 ára	Hljóðkerfisvitund	Sérkennslustjóri Kennari	Alla
TRAS	2ja-5 ára	Málþroski/Samskipti/ Félagsfærni	Sérkennslustjóri Kennari	Eftir þörfum

Aðlögun barna með sérþarfir

Þegar barn byrjar sem komið er með greiningu eða vitað er að þarfnast sérstakrar námsaðlögunar, sér sérkennslustjóri um að fara yfir gögn barnsins og hafa samband við foreldra og ráðgjafa. Haft er samráð við foreldra um aðlögun og þarfir barnsins strax í upphafi, notað er aðlögunarferli skólans og það aðlagað að barninu ef þörf krefur. Tekið er mið af þörfum barnsins og lögð áhersla á að það komi inn á eigin forsendum og unnin sé einstaklingsnámskrá í samvinnu við foreldra.

